

REGLUGERÐ

um úthlutun og greiðslu fjárframlags ársins 2007 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

1. gr.

Jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða.

Stuðla skal að því að mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða verði jöfnuð eins og nánar greinir í reglugerð þessari. Til að ná því markmiði skal ríkissjóður veita árlegu fjárframlagi til lífeyrissjóða samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Í samræmi við VI. kafla laga nr. 113/1990, skal fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2007 nema 0,15% af gjaldstofni tryggingagjalds skv. III. kafla laga nr. 113/1990. Framlagið skal greitt í október og byggjast á upplýsingum ríkisreiknings um áætlaðan gjaldstofn tryggingagjalds næstliðins árs.

Fjármálaráðuneytið annast úthlutun og greiðslu framlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Skipting framlagsins milli lífeyrissjóða.

Framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal skipt milli lífeyrissjóða með eftirfarandi hætti:

1. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í heildarörorkulífeyrisgreiðslum allra lífeyrissjóða á næstliðnu ári.
2. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í skuldbindingum lífeyrissjóða til greiðslu örorkulífeyris umfram 10% af heildar lífeyrisskuldbindingum sjóðanna í framtíðinni vegna væntanlegra iðgjalda miðað við tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða við lok næstliðins árs. Nú hefur lífeyrissjóður nýtt heimild samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, til þess að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign og skal þá verðmæti iðgjaldsgreiðslna vegna réttinda sem aflað er í séreign talið til skuldbindinga sjóðsins í framtíðinni þegar fundin er hlutdeild sjóðsins skv. 1. máls.
3. Meðaltalshlutfall skv. 1. og 2. tölul. myndar hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

3. gr.

Úthlutun fjárframlags árið 2007.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 177/2006, um breytingu á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, skal fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2007 eingöngu renna til lífeyrissjóða á samningssviði Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands. Áætlaður gjaldstofn tryggingagjalds árið 2006 nemur samkvæmt ríkisreikningi 2006 samtals 638.747.286.848 kr. og er áætlað fjárframlag ársins 2007 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða því með vísan til 1. gr. samtals 958.120.930 kr. og skiptist það milli lífeyrissjóða á samningssviði Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands sem hér segir:

<i>Lífeyrissjóðir</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	383.248	0,040%
Eftirlaunasjóður starfsmanna Olíuverslunar Íslands	191.624	0,020%
Festa, lífeyrissjóður	99.740.389	10,410%
Gildi, lífeyrissjóður	370.026.303	38,620%
Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands hf.	1.389.275	0,145%
Lífeyrissjóður Austurlands	54.900.329	5,730%
Lífeyrissjóður Mjólkursamsölnunnar	958.121	0,100%
Lífeyrissjóður Norðurlands	90.925.676	9,490%
Lífeyrissjóður Rangæinga	6.084.068	0,635%
Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins	191.624	0,020%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	179.312.332	18,715%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	29.366.406	3,065%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	29.318.500	3,060%
Lífeyrissjóðurinn Skjöldur	47.906	0,005%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn, aldursdeild	21.222.379	2,215%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn, stigadeild	38.708.086	4,040%
Stafir, lífeyrissjóður	35.354.662	3,690%

Við greiðslu fjárframlags ársins 2008, í október 2008, skal endurreikna, og leiðrétta ef þörf er á, fjárframlag ársins 2007 á grundvelli endurskoðaðra upplýsinga um gjaldstofn tryggingagjalds ársins 2006.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 22. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 17. október 2007.

Árni M. Mathiesen.

Baldur Guðlaugsson.